

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 237/2015****2017/EES/38/05****frá 30. október 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/728 frá 6. maí 2015 um breytingu á skilgreiningunni á sérstöku áhættuefni sem er sett fram í V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1162 frá 15. júlí 2015 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 4) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, 2013/503/ESB, sem var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 167/2014 ⁽³⁾, varðar lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Því ber að tilgreina að ákvörðun 2013/503/ESB taki ekki til Íslands.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 12. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001) í hluta 7.1:

„– **32015 R 0728:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/728 frá 6. maí 2015 (Stjttð. ESB L 116, 7.5.2015, bls. 1),

– **32015 R 1162:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1162 frá 15. júlí 2015 (Stjttð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 3).“
2. Eftirfarandi bætist við í 59. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/503/ESB) í hluta 7.2:

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 116, 7.5.2015, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttð. ESB L 188, 16.7.2015, bls. 3.

⁽³⁾ Stjttð. ESB L 202, 30.7.2015, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjttð. ESB nr.43, 30.7.2015, bls. 12.

„Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/728 og (ESB) 2015/1162, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.